

Reykjavík, 20. janúar 2023

**Efni: Umsögn Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu  
2023-2026**

Háskóli Íslands fagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu, sem byggir á víðtæku samráði við hagaðila.

Háskóli Íslands leggur áherslu á að framkvæmd aðgerða sé í góðu samstarfi við fræðasamfélagið og félagasamtök. Fræðasamfélagið býr yfir þekkingu sem mikilvægt er að nýta við framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar. Hér á landi starfa jafnframt mörg öflug félagasamtök á sviði jafnréttis- og mannréttindamála. Nauðsynlegt er að taka mið af sjónarmiðum og reynslu þeirra sem helst verða fyrir hatursorðræðu.

Háskóli Íslands bendir á að samkvæmt tillögunni er háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu ekki falin bein ábyrgð á verkefnum í aðgerðaáætlun. Þar sem fjallað er um menntastofnanir í tillögunni er áherslan á önnur skólastig en háskólastigið, sem þó tekur í mörgum tilvikum við framhaldsskólastiginu.

Mikilvægt er að viðbrögð við og forvarnir gegn hatursorðræðu miði einnig að aðstæðum í háskólasamfélaginu. Þar hafa á undanförunum árum orðið miklar breytingar, m.a. í tengslum við fjölbreytileika og samsetningu nemendahópsins, og einnig kennara og annars starfsfólks. Má geta þess að sífellt fleiri nemendur af erlendum uppruna stunda nú nám í háskólum landsins; fjöldi nemenda nýtir sérúrræði í námi, og sýnileiki hinsegin nemenda hefur aukist. Því er mikilvægt að fræðsla beinist að starfsfólki og nemendum í háskólasamfélaginu. Það á ekki síst við um nemendur sem í framtíðarstörfum sínum sinna ábyrgðarhlutverki í tengslum við þessa aðgerðaáætlun. Má þar sérstaklega nefna kennaranema sem undirbúa sig fyrir störf í menntastofnunum landsins.

Einnig má benda á að þekking sú sem miðla á samkvæmt þingsályktunartillögunni kemur í mörgum tilvikum frá rannsóknum eða nýsköpun fræðimanna innan háskólasamfélagsins. Það undirstrikar mikilvægi þess að efla þátt háskólasamfélagsins í aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu og þar með auka ábyrgð og þátt háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins í þeim efnum.